



# Rannsóknir

Á Menntavísindasviði var unnin stefna um rannsóknir sem gildir frá 2015–2019. Í stefnunni eru sett fram þrenns konar markmið sem eiga sér góða samsvörun í markmiðum um rannsóknir í stefnu Háskóla Íslands 2016–2021. Leiðarljós stefunnar er eftirfarandi:

Menntavísindasvið einsetur sér að efla rannsóknir og þekkingu sem nýtist íslensku samfélagi og gerir íslenskum fræðimönnum kleift að leggja sitt af mörkum í hinu alþjóðlega fræðasamfélagi.

Einnig er í stefnunni áréttað að viðfangsefni sviðsins séu margvísleg og að þar starfi fólk með ólíkan bakgrunn:

Viðfangsefni menntavísinda ná yfir breitt svið sem varðar menntun fólks á öllum aldri. Á Menntavísindasviði starfa fræðimenn með fjölbreyttan bakgrunn og rannsóknarviðfangsefni þeirra hafa mikla skörun við önnur fræðasvið. Þetta er einn af styrkleikum sviðsins og býður upp á þverfaglegt samstarf í rannsóknum þar sem þekking og bakgrunnur rannsakenda nýtist vel.

Stefnan var unnin af vísindanefnd sviðsins og Ólafi Páli Jónssyni, forseta Uppeldis- og menntun-arfræðideildar. Nefndina skipuðu: Anna Kristín Sigurðardóttir dósent, Elsa Eiríksdóttir lektor, Hanna Ragnarsdóttir prófessor, Sigríður Lára Guðmundsdóttir dósent og Kristín Harðardóttir rannsóknarstjóri. Niðurstöður úr hópavinnu starfsfólks á misserisþingi voru hafðar til hliðsjónar.

## MARKMIÐ

(HÍ)  
Framsækið alþjóðlegt samstarf

(MVS)  
Innlent og alþjóðlegt rannsóknasamstarf styrkt

## AÐGERÐIR

- Rannsóknastofur og rannsóknahópar fái aukinn stuðning fyrir innlent og alþjóðlegt samstarf. Þar munu nýir fræðimenn fá tækifæri til að vinna með reyndari rannsakendum
- Hvatt til samstarfs fræðimanna milli fræðasviða Háskólans og annarra íslenska og erlenda háskóla og rannsóknastofnana, m.a. með nemenda- og kennaraskiptum, akademískum gestastörfum, leiðbeiningu doktorsnema og sameiginlegum rannsóknaverkefnum
- Unnið verður markvisst að því að fjölga alþjóðlegum verkefnum, t.d. með ráðgjöf og stuðningi við ráðstefnuhald og fundi
- Þróað upplýsingakerfi um opna gagnagrunna



---

(HÍ)

Rannsóknainnviðir eflid með tryggri fjármögnun, öflugum rekstri og skilvirkri samnýtingu

Nýliðun í rannsóknum eflid og markvisst stutt við unga rannsakendur

Stuðningur við styrkjasókn og stjórnun rannsóknaverkefna aukinn og sniðinn að þörfum rannsakenda

(MVS)

Rannsóknauhverfi styrkt og rannsóknavirkni aukin

- Við námslok verði namar færir um að nýta sér rannsóknir til að þróa starf sitt
- Stuðningur við doktorsnema eflidur, aukið aðhald við námsframvindu og nemum skapað tækifæri til að vera hluti af rannsóknauhverfi sviðsins
- Boðið verði upp á stuðning og leiðsögn til að tryggja doktorsnemunum sterka handleiðslu. Gagnkvæmar skyldur og ábyrgð leiðbeinenda og doktorsnefnda verði reglulega til umræðu. Miðað er við að fjölga kennurum sem uppfylla skilyrði um leiðbeinendur í viðmiðum um kröfur og gæði doktorsnáms
- Meðalfjöldi rannsóknastiga verði aukinn, m.a. með aðstoð við skrif og birtingar í ritryndum tímaritum. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja nýja rannsakendur, t.d. með minni kennsluskyldu fyrsta árið í starfi
- Aukin ábyrgð deilda á rannsóknum og þær hvattar til að greina sitt rannsóknasvið
- Stuðningur við styrkjasókn verði eflidur og ýtt undir þátttöku starfsmanna í stjórnun opinberra sjóða
- Gætt verði að því að rannsóknir séu unnar með tilliti til siðareglna og viðmiða

---

(HÍ)

Nýsköpun og hagnýting rannsóknaniðurstaðna eflid á öllum fræðasviðum

Árangur og gæði rannsóknastarfs metin á grundvelli fjölbreytts framlags til þekkingarsköpunar og mismunandi birtingarhefða

(MVS)

Aukinn stuðningur við þekkingarsköpun og rannsóknir á starfsvettvangi þeirra fagstétta sem sviðið menntar

- Menntavísindastofnun verði eflid í hlutverki sínu og verkefnum fjölgað sem unnin eru fyrir íslenskt samfélag
  - Auka sýnileika rannsókna með markvissum hætti og kynningu á niðurstöðum
  - Rannsakendur hvattir til að gera niðurstöður rannsókna sinna aðgengilegar, m.a. með birtingum í opnum aðgangi og þátttöku í opinberri umræðu
  - Ýtt undir að rannsókn- og þróunarverkefnum verði fléttað saman, sem felur m.a. í sér kerfisbundið mat á árangri rannsakenda og birtingu niðurstaðna á ritryndum vettvangi
  - Stuðlað verði að því að styrkja þekkingu og hæfni til að vinna samþætt rannsókn- og þróunarverkefni
  - Hlúð verði að samstarfsnetum sviðsins og þeirra fagstétta sem það menntar
-